



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 26.08.2020

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 26. ágúst 2020 varðandi eftirfarandi mál.

### **Fegrunarviðurkenningar 2020**


Kynntar tillögur til fegrunarviðurkenninga fyrir árið 2020 vegna lóða fjölbýlishúsa og stofnana og vegna endurbóta á eldri húsum. Skráð í trúnaðarmálabók skipulags- og samgönguráðs.

*Leiðrétt bókun frá fundi dags. 12. ágúst 2020 er:*

*Samþykkt og fært í trúnaðarbók.*

*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs



---

Harri Ormarsson

Fylgiskjöl: tillögur til fegrunarviðurkenninga fyrir árið 2020.



Reykjavík 10. ágúst 2020/SS

Skipulags- og samgönguráð  
Fyrir fund 12. ágúst 2020

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að fegrunarviðurkenningum Reykjavíkurborgar 2020.

Á/í tengslum við afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst ár hvert eru veittar viðurkenningar fyrir fjölbýlishúsalóðir, stofnana- og atvinnulóðir, frágang við sumargötur og fyrir endurbætur og viðhald á eldri húsum.

#### **Tillögur að viðurkenningum 2020:**

Fegurstu lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja /stofnana:

- Grandavegur 42 fjölbýlishúsalóð
- Hádegismóar 8 Stofnanalóð

Útisvæði rekstraraðila í miðborginni

- Barónsstígur 27 Barónessan

Endurbætur og viðhald þriggja húsa:

- Fríkirkjuvegur 11
- Hátún 8
- Skólastræti 5

Meðfylgjandi gögn eru trúnaðargögn.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur  
Sólveig Sigurðardóttir  
arkitekt / verkefnastjóri

## Fegrunarviðurkenningar 2020: Tilnefningar

### Fríkirkjuvegur 11



Fríkirkjuvegur 11 er tvílyft timburhús í nýklassískum stíl. Það var reist á árunum 1907-1908 eftir teikningum Einars Erlendssonar fyrir athafnamanninn Thor Jenssen. Klassískar skreytingar eru áberandi að innan sem utan og við aðalinnganginn eru jónískar súlur. Auk fjölmargra atriða sem voru nýlunda á þeim tíma sem húsið var reist, s.s. vatns- og raflagnir, er stendur húsið jafnframt sem vitnisburður um framúrskarandi frágang hvað smíðar og málnun varðar en fyrstu íslensku málarnir komu að málnun hússins.

Samtök bindindismanna keyptu íbúðarhúsið árið 1939 og var það notað til samkomuhalds en einnig leigt undir skrifstofur. Húsið var þá nefnd Bindindishöllin. Reykjavíkurborg eignaðist húsið árið 1963 og hefur það síðan verið aðalbækistöð Íprótta- og tólmstundaráðs. Árið 1989 hófust gagngerar endurbætur á húsinu.

**Húsið, sem er friðlýst, hefur staðið óbreytt að mestu frá upphafi en gengist undir töluverðar viðhaldsframkvæmdir á undanförunum árum. Húsið er eitt besta dæmi Reykjavíkur um framúrskarandi varðveislu hvað byggingarstíl, byggingarefni og handverk varðar.**

### Hátún 8



Byggt árið 1963 (skv. Fasteignaskrá) eftir teikningum Sigvalda Thordarson arkitekts. Hátún 8 er með þekktari fjölbýlishúsum í Reykjavík. Húsið er 7 hæðir auk efri og neðri kjallara, en þar eru alls 35 íbúðir sem allar hafa útsýni til 3 átta. Sigvaldi lagði áherslu á sérþýlið í fjölbýlinu við hönnun hússins. Við hönnun hússins má ætla að staðsetning svala hafi ráðist af stöðu byggingar gagnvart sólu og hámarka þannig hvern tíma dags sem íbúar hefði sól á svölum sínum. Húsið ber einkenni litanotkunar Sigvalda, hvítur, gulur og blár. Hvítur er á þeim flötum sem íbúðir eru staðsettar, guli liturinn myndar dýpt og ýkir skugga en blái liturinn ramar inn aukarými byggingarinnra s.s. geymslur, kjallara og þvottahús.

**Nýlegar endurbætur á húsinu sem stóðu yfir um árabil hafa miðast að því að varðveita upprunaleika hönnunar Sigvalda. Til að mynda var skipt um alla glugga, gert við húsið að utan og það málað.**

### Skólastræti 5



Íbúðarhús Einars Jónssonar „snikkara“ var reist árið 1856 og er meðal elstu húsa í Reykjavík. Í því má lesa hvernig lítil nítjándualdar íbúðarhús stækkuðu eftir tísku og efnahag er leið á öldina en húsið var lengt til norðurs og byggður á það breiður miðjukvistur 1865. Árið 1889 var það síðan hækkað um eina hæð. Húsið er eitt af elstu íbúðarhúsum í miðbæ Reykjavíkur en það hefur jafnframt ótvírætt gildi sem partur af hinni upprunalegu timburhúsabyggð sem prýðir brekkuna austan Lækjargötu. Ytra byrði hússins var friðlýst 1992.

**Húsið er enn í dag nýtt sem íbúðarhús en endurbætur á því hafa staðið yfir í langan tíma. Endurbætur á austurhlíð**

**hússins (eina hliðin sem ekki hafði verið færð til upprunalegs horfs), hófust árið 2018. Þá var bárujárn fjarlæggt og húsið klætt í upprunalegum stíl, með listabili og vatnasklæðningu.**

## Fegrunarviðurkenningar 2020

---

### *Fjölbýlishúsalóð tilnefning* Grandavegur 42



- Vönduð hönnun
  - Snyrtileg og vel viðhaldin lóð
  - Mjög gott aðgengi um lóð
  - Fjölbreyttir notkunarmöguleikar fyrir alla aldurshópa
  - Fjölbreytt og gott gróðurval á lóð sem skapar mjúka ásýnd
- 

### *Stofnanalóð tilnefning* Hádegismóar 8



- Snyrtileg lóð
- Vönduð hönnun
- Falleg ásýnd

## Útisvæði rekstraraðila tilnefning Barónessan – Barónstígur 27



- Vel útfært svæði fyrir verslanir við sumargötur
  - Smekkvísi eigenda skilar sér vel í hönnun og útfærslu
  - Lífgar upp á annars frekar hefðbundna götu
  - Falleg ásýnd
-